

# SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2013



## EFNISYFIRLIT

|                                    |    |
|------------------------------------|----|
| Ávarp formanns og framkvæmdastjóra | 4  |
| Eignarhlutir í félögum             | 6  |
| Úthlutanir úr sjóðum               | 9  |
| Samstæðuársreikningur 2013         |    |
| - Skýrsla stjórnar                 | 12 |
| - Áritun óháðs endurskoðanda       | 13 |
| - Rekstrarreikningur               | 14 |
| - Efnahagsreikningur               | 15 |
| - Sjóðstreymi                      | 16 |
| - Skýringar                        | 18 |



## ÁVARP FORMANNS OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Á síðustu misserum hefur margt þokast í rétta átt í þjóðarbúskapnum á Íslandi. Þjóðin hefur notið góðra aflabragða og aukins ferðamannastraums en stór viðfangsefni, sem rekja sig aftur til bankahrunsins, eru enn óleyst. Útlit er fyrir að stjórnvöld muni hefja afnám fjármagnshafta að hluta til á yfirstandandi ári. Einnig gætu þróast lausnir á svokallaðri snjóhengju og staða þrotabúa föllnu bankanna gæti skýrst. Þar eru á ferð risavaxin mál og niðurstaða þeirra getur haft afgerandi áhrif á þróun eignamarkaða og jafnvel atvinnugreina og mikilsvert er að vel takist til, því aðeins eitt tækifæri mun gefast. Verði um árangursríkar aðgerðir að ræða gæti innlendir eftirspurnarþrýstingur eftir fjárfestingum minnkað til muna sem ætti að leiða til lægra verðs fjárfestingarkosta. Takist illa til verður áframhaldandi óvissa um marga lykilkætti hagkerfisins. Eins og áður hefur verið rætt innan félagsins er vert fyrir félagsmenn að velja fyrir sér hvort núverandi staða í hagkerfinu sé heppileg fyrir stórar fjárfestingarákvarðanir líkt og stefna félagsins gerir ráð fyrir.

Þó svo ársreikningur beri ekki með sér miklar fjárfestingar á liðnu ári voru áhugaverð stór verkefni skoðuð og tilboð gerð í þau. Nokkur verkefnanna voru af þeirri stærðargráðu að meðfjárfesta þurfti til og hefur félagið notið þess trausts að leiða fjárfestahópa við tilboðsgerðir í stærri verkefni. Þrátt fyrir áherslu á stærri verkefni voru minni verkefni einnig til skoðunar hjá félaginu og flest þeirra á félagssvæði KEA. Núverandi stefna KEA er sérstök að því leyti að þegar stóra verkefnið gefst og fjárfesting í því gengur eftir, verður félagið fullfjárfest í einu veffangi ef svo mætti að orði komast. Þetta getur gerst án mikils fyrirvara og hvenær sem er.

KEA hefur á liðnum árum eytt mikilli vinnu í að hafa áhrif á þróun og uppbyggingu á lagalegri umgjörð sparisjóðanna. KEA á nú helming stofnfjár í Sparisjóði Höfðhverfinga. Upphaflegt markmið með fjárfestingu í sparisjóði var að skapa áhugaverðan fjárfestingakost fyrir KEA er myndi ná að uppfylla flest þeirra markmiða sem fjárfestingarstefna félagsins gerir ráð fyrir. Það tækifæri til vaxtar er enn fyrir hendi þegar aðstæður hafa skapast.

Of mikill hringlandaháttur einkennir umgjörð fjármálafyrirtækja. Skattlagning og gjaldtaka hefur farið fram úr öllu hófi og beinst að röngum aðilum. Stefnumörkun stjórnvalda skortir í þessum málaflökki, jákvæð skref hafa engu að síður verið stigin, en betur má ef duga skal. Uppbygging Sparisjóðs Höfðhverfinga á Akureyri hefur gengið í samræmi við áætlanir.

Félög sem KEA á eignarhluti í gengu almennt vel á síðasta ári. Rekstur og efnahagur þeirra er þó misjafn. Almennt má segja að fyrirtæki sem stundi útflutningsþjónustu hvers konar standi vel að vígi. Afkoma liðins árs verður að teljast viðundandi í ljósi aðstæðna og þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið. Tekist hefur að ná vel viðunandi árangri við ávöxtun flestra eignaflokka en þó ekki allra. Það hafði umtalsverð áhrif á afkomu liðins árs að varúðarniðurfærsla var gerð vegna hlutabréfaeignar í norska fasteignafélaginu City Center Properties, en það félag lenti í greiðsluþröng sem nú hefur verið leyst. Ávöxtun lausafjár var viðunandi samborið við aðra skammtímaávöxtunarmöguleika. Rétt er að undirstrika að rekstrarkostnaður KEA sem birtist í rekstrarreikningi hverju sinni er með virðisaukaskatti þar sem KEA er ekki í virðisaukaskattskyldri starfsemi.

Gengið hefur hægar en vonir stóðu til að ná að framfylgja stefnu félagsins, þ.e.a.s. að fjárfesta stórt í fáum og jafnvel einu fyrirtæki. Það er ein birtingarmynda stefnu KEA að um tíma getur virst sem lítið sé að gerast, en þegar fjárfesting finnst verður fjárfestingargetan fyrirvaralaust fullnýtt. Stjórn hefur með reglulegu millibili metið stefnu félagsins í ljósi þróunar í ytra umhverfi félagsins. Hingað til hefur ekki þótt ástæða til að víkja af leið en það þýðir ekki að fjárfestingarkostir, sem ekki mæta stefnu félagsins, séu ekki skoðaðir. Flæði verkefna á fjárfestingarmarkaði er ekki með þeim hætti að hægt sé að útiloka áhugaverða valkosti vegna þess eins að þeir uppfylla ekki í einu og öllu stefnu félagsins. Það hefur hins vegar komið skýrt fram í skoðanakönnun meðal félagsmanna að yfirgnæfandi meirihluti þeirra æskir þess að núverandi stefna eða sambærileg nái fram að ganga; flestir vilja sjá félagið í starfsemi þar sem félagsmenn geti átt viðskipti við félagið beint eða

óbeint. Stjórn hefur talið mikilvægt að setja sér ekki of þröng tímamörk hvað varðar fjárfestingar, sérstaklega þegar ytra umhverfi er jafn óvenjulegt og brothætt eins og verið hefur undanfarin ár.

Við mat á því hvernig gangi að framfylgja stefnu félagsins þarf jafnan að horfa til ytri skilyrða. Eins og rakið var í ársskýrslu síðastliðins árs hafa aðstæður síðastliðin ár verið sérstæðar og jafnvel varhugaverðar m.t.t. þess að taka stórar og afdrifaríkar fjárfestingarákvarðanir. Á þessum tíma hafa safnast upp fjármunir í lokuðu hagkerfi sem ekki finna fjárfestingarkosti. Verð fjárfestingarkosta hækkar við slík skilyrði án þess að undirliggjandi rekstur standi undir hækkuninni. Menn þurfa ekki að leita víða til að átta sig á því að þetta er ekki ástand sem KEA býr eitt við. Félagið hefur einnig búið við þá sérkennilegu stöðu að keppa um fjárfestingarkosti við aðila sem hafa keypt krónur á 20-30% lægra verði en öðrum býðst í gegnum svokallaða fjárfestingarleið Seðlabankans. Jafnframt fjölga sífellt sjóðum sem sérhæfa sig í að finna og fjárfesta í sambærilegum verkefnum og KEA leitar að. Nú eru a.m.k. sex sérhæfðir sjóðir starfandi á þessu sviði með 5-10 milljarða í fjárfestagetu hver og einn; tugir milljarða króna bíða á hliðarlínunni. Samkeppni um hin fáu verkefni er því hörð og langt í frá að þessir sjóðir og önnur fjárfestingarfyrirtæki hafi ennþá náð markmiðum sínum um fjárfestingar.

KEA kortið er áfram á góðu flugi en ætla má að þeir afslættir sem KEA kortið veitti félagsmönnum á liðnu ári hafi verið á bilinu 350 til 450 milljónir króna. Segja má að í KEA kortinu birtist, í sinni einföldustu mynd, kjarninn í eðli samvinnufélaga, sem er þátttaka fjöldans í að bæta kjör sín og hagsmuni. Erlendis má greina þróun í starfi stórra samvinnufélaga í þá átt að samvinnufélög nýta mátt hinna mörgu í að selja vöru og þjónustu til félagsmanna sinna án þess í reynd að vera með hina eiginlegu starfsemi á sínum herðum. Þar er fjöldinn og sterkt vörumerki nýtt til þess að afla félagsmönnum víðtækra afsláttarkjara og ódýrari vöru og þjónustu. Félagsmönnum KEA heldur áfram að fjölga á hraða umfram mannfjöldapróun á félagssvæðinu.

Kannanir hafa sýnt að mikil sátt er um stefnu og starf félagsins meðal félagsmanna og það hefur hvatt stjórn áfram á þeirri leið sem vörðuð hefur verið. Það er mikilvægt að þetta langlífa félag, sem er í eigu 19.000 félagsmanna, starfi af ábyrgð og grundvelli langtímasjónarmiða og að stjórn og stjórnendur hafi það ætíð að leiðarljósi við ákvarðanir sínar.

  
Halldór Jóhannsson  
framkvæmdastjóri

  
Hannes Karlsson  
stjórnarformaður



## EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM

### Ásprent - Stíll ehf.

Eignarhlutur KEA: 59,1%

Félagið var stofnað árið 2003 með sameiningu prentsmiðjunnar Ásprents og auglýsingastofunnar Stíls. Í kjölfarið keypti félagið prentsmiðjuna Alprent og síðar Prenttorg, Límniða Norðurlands og stafrænu prentstofuna Stell. Innan félagsins er því búið að sameina stóran hluta af prentþjónustu á Akureyri.

Félagið rekur þrjár starfsstöðvar; að Glerárgötu 28 er Ásprent sem sér um útgáfu Dagskrárinnar ásamt almennri prentþjónustu, að Óseyri 2 er Stíll auglýsingastofa og skiltagerð og í Kaupangi við Mýrarveg er Stell, stafræn prentstofa. Hjá félaginu starfa nú 36 starfsmenn.

Meginstarfsemi félagsins felst í almennri prentþjónustu fyrir viðskiptavinum um land allt; allt frá nafnspjöldum til stórra harðspjaldabóka og er veitt víðtæk þjónusta á þessu sviði. Útgáfa Dagskrárinnar er stór þáttur í starfsemi, auk þess er rekin auglýsingastofan og skiltagerðin Stíll sem veitir þjónustu í markaðs- og kynningarmálum og gerir félaginu kleift að annast verkefni fyrir viðskiptavinum allt frá grunnhönnun á útliti til lokafrágangs verka.

[www.asprent.is](http://www.asprent.is) [www.still.is](http://www.still.is) [www.stell.is](http://www.stell.is)

### Ferro Zink hf.

Eignarhlutur KEA: 44,0%

Stofnár: 1960 undir heitinu Sandblástur og Málmhúðun sf. Hlaut nýtt nafn árið 2008.

Starfsstöðvar eru tvær; Árstígur 6 á Akureyri og Álphella 12-14 í Hafnarfirði. Samtals er húsnæði félagsins 6.000 fermetrar á 30.000 fermetra lóðum. Starfsmannafjöldi: 50

Skipta má starfsemi í meginatriðum í þrennt. Efnissala á svörtu stáli og ryðfríu stáli og áli, ýmis sérsníð og framleiðsla, s.s. á ljósastaurum, og loks verslunarrekstur með verkfæri, vinnufatnað, vélar, festingavörur og fleira.

[www.ferrozink.is](http://www.ferrozink.is)

### Kælismiðjan Frost ehf.

Eignarhlutur KEA: 20,8%

Stofnár: 1993. Félagið er með höfuðstöðvar á Akureyri og útibú í Garðabæ og á jafnframt þriðjung í færeysku félagi á sama sviði sem nefnist p/f Frost. Starfsmannafjöldi: 40

Félagið annast hönnun, uppsetningu og þjónustu lítilla og stórra frysti- og kælikerfa. Þjónusta við sjávarútveg, hér á landi og erlendis, er undirstaðan í rekstri félagsins og stendur að jafnaði undir stærstum hluta tekna þess en verslun, iðnaður og önnur þjónusta vega einnig talsvert í veltunni.

[www.frost.is](http://www.frost.is)

### Norlandair ehf.

Eignarhlutur KEA: 10,2%

Félagið var stofnað árið 2008 á grunni Flugfélags Norðurlands sem stofnað var 1975.

Höfuðstöðvar eru á Akureyrarflugvelli.

Starfsmenn í heilsársstörfum eru 15 talsins en þeim fjölga í 20 helming ársins eða frá mars til september.

Félagið stundar leiguflug á Grænlandi og Íslandi, sem að stærstum hluta er þjónusta við rannsóknafyrirtæki og opinbera danska aðila á Grænlandi. Einnig er það með áætlunarflug til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopna-fjarðar. Frá mars 2013 hófst síðan millilandaflug til og frá Constable Point á Grænlandi.

[www.norlandair.is](http://www.norlandair.is)



## EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM



### Slippurinn Akureyri ehf.

Eignarhlutur KEA: 12,0%

Núverandi félag var stofnað árið 2005 en slipprekstur á sér langa sögu á Akureyri.

Félagið er með aðsetur á Naustatanga á Akureyri. Hjá félaginu starfa að jafnaði um 150 manns.

Félagið veitir alhliða þjónustu við sjávarútveg, iðnað og fleira. Þjónusta við landverkefni vega um 25% af heildarveltu félagsins en um 75% við sjávarútveg sem skiptist nokkuð jafnt milli innlendra og erlendra aðila.

[www.slipp.is](http://www.slipp.is)

### Þekking Tristan ehf.

Eignarhlutur KEA: 50,0%

Stofnað árið 1999. Höfuðstöðvar félagsins eru á Akureyri en einnig er starfsstöð í Kópavogi.

Um 60 manns starfa hjá félaginu sem skiptist nokkurn veginn jafnt milli starfsstöðva.

Starfsemi félagsins lýtur að heildarlausnum á sviði upplýsingakerfa, þ.e. hýsingu og rekstri tölvukerfa fyrir stór og smá fyrirtæki. Félagið hefur vaxið mikið á undanförunum árum og er með fjölmarga viðskiptavinum um allt land.

[www.thekking.is](http://www.thekking.is)

### Tækifæri hf.

Eignarhlutur KEA: 33,44%

Stofnað árið 1999.

Félagið er staðsett á Akureyri og er með samstarfssamning við Íslensk verðbréf um daglegan rekstur.

Félagið fjárfestir í nýsköpun eða nýmæli í atvinnulífi á Norðurlandi og er þátttaka í verkefnum einkum í formi fjárfestingar í hlutafé. Félaginu er þó heimilt að skoða hvaða fjárfestingartækifæri sem er, óháð eðli eða staðsetningu, teljist góðir kostir í boði. En almennt gildir að verkefnin þurfa að hafa hagrænt gildi, vera atvinnuskapandi og leiða til sem mestra margfeldisáhrifa á atvinnulíf svæðisins.

[www.taekifaeri.is](http://www.taekifaeri.is)

### Hreinsitækni ehf.

Eignarhlutur KEA: 22,9%

Félagið var stofnað árið 1976.

Félagið er með lögheimili að Stórhöfða 37 í Reykjavík og með útibú á Akureyri og Hafnarfirði.

Starfsmenn félagsins eru um 50 talsins.

Meginstarfsemi félagsins er þjónusta við bæjar- og sveitarfélög, fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga á fráveitukerfum, við gatnahreinsun og flutning á olíu- og spilliefnum, félagið er einnig fremst í flokki við tæmingar á rotþróum við lögbýli og sumarþústaði. Í heildarumsvifum vegur þjónusta við fráveitukerfi og gatnahreinsun nokkurn veginn jafnt hjá félaginu. Fyrirtækið hefur nýlega víkkað út starfsemi sína með því að bjóða upp á fódringu lagna, sem gerir gamlar lagnir að nýjum.

[www.hrt.is](http://www.hrt.is)





## EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM

### Útgáfufélagið ehf.

Eignarhlutur KEA: 99,0%

Félagið var stofnað í árslok 2005. Félagið er með skrifstofu að Óseyri 2 á Akureyri.

Fastir starfsmenn eru 3 en auk þess er fjöldi blaðbera starfandi hjá félaginu.

Félagið gefur út vikublaðið Vikudag sem komið hefur út á Akureyri frá árinu 1997. Blaðið er norðlenskur fréttamiðill og leggur áherslu á fréttir og viðtöl í heimahéraði. Blaðið er selt í áskrift og skipar fastan sess í hugum fjölmargra Eyfirðinga og samkvæmt mælingum Capacent Gallup sjá rúmlega 40% íbúa á svæðinu blaðið í viku hverri.

[www.vikudagur.is](http://www.vikudagur.is)

### Sparisjóður Höfðhverfinga

Eignarhlutur KEA: 49,89%

Sparisjóður Höfðhverfinga var stofnaður þann 1. janúar 1897 og er talið næstelsta starfandi fyrirtæki landsins.

Sparisjóðurinn er með afgreiðslur að Ægissíðu 7 á Grenivík og Glerárgötu 36 á Akureyri. Hraðbanki sparisjóðsins er í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Hjá sparisjóðnum starfa 9 manns.

Sparisjóður Höfðhverfinga er þjónustufyrirtæki á fjármálsviði sem veitir alla almenna banka- og fjármálaþjónustu.

[www.spar.is](http://www.spar.is)

### Grófargil ehf.

Eignarhlutur KEA: 34,0%

Félagið var stofnað árið 1998 upp úr bókhaldsdeild KEA.

Aðalskrifstofa félagsins er að Glerárgötu 36 á Akureyri en einnig er starfrækt skrifstofa að Skúlagötu 19 í Reykjavík. Hjá Grófargili starfa 18 manns.

Félagið annast reikningshald, bókhald, ráðgjöf og uppgjörsþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

[www.grofargil.is](http://www.grofargil.is)

### Fasteignafélög KEA: eru Klappir ehf. og H98 ehf.

Eignarhlutur KEA er 100% í báðum félögum.

Klappir ehf. var stofnað árið 2005 en H98 ehf. var stofnað árið 2008.

Fasteignafélögin eru með aðsetur á skrifstofu KEA í Glerárgötu 36 á Akureyri.

Umsjón með rekstri fasteignanna er í höndum KEA.

Fasteignafélögin annast útleigu á fasteignum á Akureyri, rekstur, þjónustu og viðhald sem því fylgir. H98 ehf. leigir út friðaða fasteign við Hafnarstræti 98 og Klappir eignir við Glerárgötu 36, Kaupvangsstræti 6 og Óseyri 2. Heildarstærð fasteignanna er um 3.600 fermetrar.

### Ásbyrgi Flóra ehf.

Eignarhlutur KEA: 33,3%

Ásbyrgi Flóra hóf starfsemi í núverandi mynd árið 1993 en félagið á sér mun lengri sögu - kennitala þess er síðan 1945. Aðalstarfsemi félagsins er framleiðsla og pökkun ýmissa matvara fyrir neytendamarkað og matvælaíðnað en auk þess starfrækir félagið heildverslun með mikið úrval rekstrarvara ofl fyrir fyrirtækjamarkað. Framleiðsla Flóruvara hófst í Grófargili árið 1935 í Efnagerð KEA og hafa Flóruvörur verið framleiddar óslitið síðan þá. Starfsstöðvar félagsins eru tvær, höfuðstöðvar í Tryggvabraut 24 Akureyri og Víkurharvi 5 Kópavogi.

[www.asbyrgiflora.is](http://www.asbyrgiflora.is)

## ÚTHLUTANIR ÚR SJÓÐUM

### MENNINGAR- OG VIÐURKENNINGASJÓÐUR KEA

Þann 5. desember 2013 afhenti framkvæmdastjóri KEA, Halldór Jóhannsson, styrki úr Menningar- og viðurkenningasjóði KEA.

Þetta var í 80. sinn sem KEA veitti styrki úr sjóðnum og fór úthlutunin fram í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Auglýst var eftir umsóknum í september og bárust 124 umsóknir. Veittir voru 34 styrkir, samtals að fjárhæð 6.150 þúsund krónur.

Úthlutað var úr fjórum styrkflokkum; almennum flokki, flokki ungra afreksmanna, til þátttökuverkefna og íþróttastyrkjum. Ellefu aðilar hlutu almennan styrk, hver að fjárhæð 150 þúsund krónur. Til ungra afreksmanna voru veittar tólf viðurkenningar og styrkir, hver uppá 150 þúsund, samtals 1,8 milljónir króna. Til þátttökuverkefna var úthlutað 1,3 milljónum króna og hlutu fjórir aðilar styrk og sjö íþróttastyrkir voru veittir, alls 1,4 milljónir króna.

#### Almennir styrkir, styrkupp hæð kr 150.000

Ungmennafélagið Atli í Svarfaðardal, til að klæða samkomuhúsið Höfða í Svarfaðardal.

Brynjar Karl Óttarsson, til að skrá sögu heilsuhælisins að Kristnesi í Eyjafirði.

Gospelkór Akureyrar, til að halda jólatónleika á öldrunarheimilum Akureyrar.

Foreldrafélag Marimbaveitar Giljaskóla, til að fjármagna Svíþjóðarferð sveitarinnar.

Salka kvennakór á Dalvík, til að fjármagna tónleikahald kórsins í vetur.

Byggðasafnið Hvoll á Dalvík, til að setja upp sýningu um sjófugla í samstarfi við Náttúrusetrið á Húsabakka.

Menningarfélagið Berg ses, til að fjármagna að hluta tónleikaröð í Bergi.

Kór Akureyrarkirkju, til að gefa út geisladisk með kirkjulegri og veraldlegri tónlist.

Ljósavatnssókn, til að fjármagna kaup á orgeli fyrir Þorgeirskirkju.

Vinafélag Þverárkirkju í Laxárdal, til að greiða kostnað vegna endurbóta á Þverárkirkju.

Karлакór Eyjafjarðar, til að setja upp söngleik vorið 2014.

#### Ungir afreksmenn, styrkupp hæð kr 150.000

Arnór Snær Guðmundsson, golf.

Birta Dís Jónsdóttir, golf.

Fannar Hafsteinsson, knattspyrna.

Ingbór Árnason, íshökkí.

Jóhann Þór Hólmgrímsson, monoskíði.

Kolbeinn Höður Gunnarsson, frjálssar íþróttir.

Kristján Guðmundsson, fyrirlesari.

Lillý Rut Hlynsdóttir, knattspyrna.

Rakel Ósk Björnsdóttir, frjálssar íþróttir.

Steinunn Erla Davíðsdóttir, frjálssar íþróttir.

Valþór Ingi Karlsson, blak.

Viktor Samúelsson, kraftlyftingar.



## ÚTHLUTANIR ÚR SJÓÐUM



### Íþróttastyrkir

Ungmennafélagið Þorsteinn Svörfuður, kr. 100 þúsund, til að kaupa áhöld og íþróttavörur fyrir félagið.  
 Hestamannafélagið Funi, kr. 150 þúsund, til að byggja upp nýja keppnisgrein hjá frístunda hestamönnum.  
 Golfklúbbur Húsavíkur, kr. 200 þúsund, til að bæta þjálfun og kennslu fyrir börn og unglinga.  
 Skíðafélag Ólafsfiarðar, kr. 200 þúsund, til kaupa á æfingabúnaði fyrir börn og unglinga.  
 Nökkvi, félag siglingamanna, kr. 300 þúsund, til að kaupa öryggisbát fyrir Nökkva.  
 Íþróttafélagið Akur, kr. 250 þúsund, til að kaupa búnað fyrir Akur.  
 Fimleikafélag Akureyrar, kr. 200 þúsund, til að fara á Eurogym, fimleikahátíð í Svíþjóð, sumarið 2014.

### Þátttökuverkefni:

Sóknarnefnd Grundarkirkju, kr. 700 þúsund, til að kaupa orgel fyrir Grundarkirkju.  
 Náttúrusetrið á Húsabakka, kr. 200 þúsund, til að byggja upp sýninguna, Friðland fuglanna.  
 Harmonikufélag Þingeyinga, kr. 200 þúsund, til að halda harmonikulandsmót.  
 Kvinnakór Akureyrar, kr. 200 þúsund til að halda landsmót kvinnakóra.

### HÁSKÓLASJÓÐUR KEA

Halldór Jóhannsson framkvæmdastjóri KEA og Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri Akureyrarbæjar, afhentu þann 15. júní 2013 styrki úr Háskólasjóði KEA við athöfn sem fram fór á Sólborg, húsnæði Háskólans á Akureyri við Norðurslóð.

Að þessu sinni voru veittir níu rannsóknarstyrkir en nítján umsóknir bárust sjóðnum. Við úthlutun úr sjóðnum er horft til þess að verkefni tengist starfsemi skólans. Einnig hlutu þrír namar viðurkenningu fyrir góðan námsárangur við brautskráningu fyrr um daginn. Þetta er í ellefta sinn sem úthlutað er úr Háskólasjóði KEA og var heildarupphæð styrkja 4,1 mkr.

#### Eftirtalin rannsóknarverkefni fengu styrk úr Háskólasjóði KEA:

Fagmennska í skólastarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni Hug- og félagsvísindasvið - Rúnar Sigþórsson, Rósa Guðrún Eggertsdóttir og Guðmundur H. Frímannsson Kr. 200.000,-

Nýr flötur

Viðskipta- og raunvísindasvið - Rannveig Björnsdóttir Kr. 300.000,-





Áhrif ACE hamlara og Angiotensin II antagonistá á samdrátt slagæðlinga í sjónhimnu  
Hug- og félagsvísindasvið - Ársæll Már Arnarsson  
Kr. 400.000,-

Hverastrýturnar í Eyjafirði - Lífríkið neðansjávar  
Viðskipta- og raunvísindasvið - Hreiðar Þór Valtýsson  
Kr. 400.000,-

Netávani íslenskra unglunga og forvarnir  
Hug- og félagsvísindasvið - Kjartan Ólafsson og Ólína Freysteinsdóttir  
kr. 400.000,-

Samfélagslegt hlutverk háskóla  
Hug- og félagsvísindasvið - Trausti Þorsteinsson  
kr. 500.000,-

Sjónvarpsþáttur Ara Trausta  
Markaðs- og kynningarsvið HA  
kr. 500.000,-

Röntgentækni til greiningar á frumefnainnihaldi þangs  
Viðskipta- og raunvísindasvið - Ásta Margrét Ásmundsdóttir  
kr. 600.000,-

Alfapróteógerlar og veirur þeirra úr Jökulsá á Fjöllum  
Viðskipta- og raunvísindasvið - Oddur Vilhelmsson  
kr. 700.000,-

### **Eftirtaldir hlutu viðurkenningar fyrir góðan námsárangur:**

Viðskipta- og raunvísindasvið:  
Kristín Baldvinsdóttir  
Kr. 50.000,-

Heilbrigðisvísindasvið:  
Heiða Berglind Magnúsdóttir  
Kr. 50.000,-

Hug- og félagsvísindasvið:  
Ruth Margrét Friðriksdóttir  
Kr. 50.000,-



## SKÝRSLA STJÓRNAR

KEA svf. er fjárfestingafélag sem vinnur í þágu félagsmanna sinna að eflingu atvinnulífs og búsetuskilyrða á félagssvæði sínu.

Rekstur félagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Hagnaður KEA á árinu 2013 nam 226,7 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 5,1 milljörðum króna í árslok, bókfært eigið fé var 4,9 milljarðar króna og eiginfjárlutfall félagsins 94,8%.

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Í lok ársins voru félagsmenn í KEA svf. 18.827 talsins en voru 18.427 í upphafi árs.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn KEA svf og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með áritun sinni.

Akureyri, 31. mars 2014

Í stjórn:

Hannes Karlsson  
formaður

Björn Friðbjósson  
varaformaður

Jóhannes Ævar Jónsson  
ritari

Olína Freysteinsdóttir  
meðstjórnandi

Hallur Gunnarsson  
meðstjórnandi

Guðlaug Kristinsdóttir  
meðstjórnandi

Birgir Guðmundsson  
meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Halldór Jóhannsson

## ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa KEA svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning KEA svf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2013, efnahag 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við staðfestum einnig í samræmi við ákvæði 106. gr. laga nr. 3 2006 um ársreikninga að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 31. mars 2014



Davíð Búi Halldórsson  
löggiltur endurskoðandi



## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2013

| Rekstrartekjur                           | Skýr. | 2013               | 2012               |
|--|-------|--------------------|--------------------|
| Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur..... |       | 179.743.149        | 147.791.883        |
| Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld ..... |       | (21.781.781)       | (3.213.656)        |
| Gangvirðisbreyting fjáreigna .....       |       | 106.308.863        | 117.970.175        |
| Tekjur af fjárfestingareignum.....       |       | 127.128.053        | 180.788.495        |
| Aðrar tekjur.....                        |       | 7.241.343          | 0                  |
|  |       | <u>398.639.627</u> | <u>443.336.897</u> |
| <b>Rekstrargjöld</b>                     |       |                    |                    |
| Laun og launatengd gjöld .....           | 4     | 65.699.412         | 57.217.678         |
| Annar rekstrarkostnaður .....            |       | 51.100.216         | 43.131.219         |
|  |       | <u>116.799.628</u> | <u>100.348.897</u> |
| <b>Hagnaður af fjármálastarfsemi</b>     |       | <u>281.839.999</u> | <u>342.988.000</u> |
| Veittir styrkir.....                     |       | (26.673.616)       | (19.034.729)       |
| <b>Hagnaður fyrir skatta</b>             |       | <u>255.166.383</u> | <u>323.953.271</u> |
| Tekjuskattur.....                        | 5,13  | (28.471.837)       | (45.093.753)       |
| <b>Hagnaður ársins</b>                   |       | <u>226.694.546</u> | <u>278.859.518</u> |

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2013



| Eignir                             | Skýr. | 31.12 2013           | 31.12 2012           |
|------------------------------------|-------|----------------------|----------------------|
| Markaðsverðbréf .....              | 6     | 374.434.747          | 82.748.939           |
| Fjárfestingaverðbréf .....         | 7     | 1.313.663.965        | 1.301.228.895        |
| Skuldabréf og aðrar kröfur .....   | 8     | 631.312.495          | 617.635.535          |
| Fjárfestingareignir .....          | 9     | 822.200.000          | 760.950.000          |
| Varanlegir rekstrarfjármunir ..... | 10    | 12.021.620           | 2.421.780            |
| Tekjuskattsinneign .....           | 13    | 98.590.860           | 127.062.696          |
| Aðrar eignir .....                 |       | 66.151.186           | 75.577.186           |
| Handbært fé .....                  |       | 1.827.651.218        | 1.975.062.401        |
